

**90. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. júlí 2008 í Flatey á Breiðafirði.**

**Mætt:** Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson og Róbert A. Stefánsson.

*Fundarritari:* Sigríður E. Elisdóttir.

Friðjón Þórðarson formaður tók þátt í vettvangsferðinni en var fjarverandi á fundinum. Varaformaður stjórnaði því fundinum. Magnús A. Sigurðsson var erlendis.

Gestir fundarins voru Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Anna Kristín Ólafsdóttir aðstoðarkona umhverfisráðherra.

Varaformaður setti fund kl. 16:50.

**Dagskrá:**

**Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar**

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð um Breiðafjörð, Flatey, Hvallátur og Svefneyjar. Lagt var af stað frá Stykkishólmi og Stað og haldið í Flatey. Þaðan var siglt á tveimur bátum inn með þorpinu til Svefneyja, þar sem Gissur Tryggvason, Ragnheiður Axelsdóttir og Vera Antonsdóttir tóku á móti hópnum og sáu um kynningu á eyjunni, nytjum og örnefnum. Nefndarmenn skoðuðu húsakosti og þáðu veitingar. Ranakofinn, sem nýtur friðunar skv. lögum um húsafriðun, vakti sérstaklega áhuga nefndarmanna og gesta.

Frá Svefneyjum var haldið í Hvallátur og gengið þar í land. Þar tóku þau Erla Friðriksdóttir og Guðmundur Björnsson á móti hópnum og sýndu m.a. seglskipið Egil sem Aðalsteinn Aðalsteinsson hefur verið að gera upp. Þá var æðarungaeldið skoðað ásamt aðstöðu til hreinsunar æðardúns. Frá Hvallátrum var haldið aftur í Flatey en á leiðinni var rennt upp að eyjunum Höfninni (Hafnarey), Hrólfskletti og Flateyjar-Klofningi. Í Flatey var gengið um eyjuna með leiðsögumanni Sæferða, Sveinbirni Pálssyni og kvöldverður snæddur í Hótel Flatey.

**Fundargerð 89. fundar**

*Afgreiðsla:* Fundargerðin var samþykkt.

**Vöktunar- og rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð**

Ráðherrum var afhent minnisblað Breiðafjarðarnefndar um styrkingu á vernd Breiðafjarðar. Þar voru kynntar ábendingar nefndarinnar um nauðsynlegar rannsóknir á náttúru- og menningarminjum svæðisins, að efla vernd svæðisins og framfylgja verndaráætlun m.a. vegna tillögu ríkisstjórnarinnar um tilnefningu Breiðafjarðar á heimsminjaskrá UNESCO.

Þá ræddu nefndarmenn og gestir sérstöðu Breiðafjarðar og hugsanlegar breytingar á lögunum með tilliti til marka verndarsvæðisins.

**Fundi slitið kl. 17:30. Næsti fundur ákveðinn síðar.**